

Alþingi  
Erindi nr. þ 131/1428  
komudagur 20.4.2005

LANDSSAMBAND  
smábátæigenda



Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

19. apríl 2005

Efni: Umsögn um 677. mál, þingskjal 1030.  
„Frumvarp til laga um uppboðsmakaði sjávarafla.“


Landssamband smábátæigenda – LS – telur að frumvarpið feli í sér bætt starfskilyrði fyrir uppboðsmarkaði sjávarafla. Með samþykkt frumvarpsins væri verið að viðurkenna starfsemi og í raun að færa hana af tilraunastigi sem staðið hefur allt of lengi í varanlega og viðurkennda starfsemi. Mörgum finnst mál til komið eftir 19 ára starfsemi og er LS einn þeirra aðila.

LS telur það og jákvætt að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skuli setja reglugerð sem gildi um alla fiskmarkaði, slíkt eykur á jöfnuð markaðana og skapar samkeppni þar sem grunnreglur verða þær sömu.

LS mælir með samþykkt frumvarpsins.

**Virðingarfyllst**

f.h. Landssambands smábátæigenda

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri